

A 1800/vekst

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um þingmannatillögu um reglur um ríkisstyrki á Norðurlöndum

### Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún endurskoði veitingu ríkisstyrkja á Norðurlöndum í því skyni að koma á aukinni samhæfingu og sameiginlegu verklagi en einnig til að komast hjá óþarfa togstreitu með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði.

### Bakgrunnsupplýsingar

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð mælist til þess við Norrænu ráðherranefndina að hún endurskoði veitingu ríkisstyrkja á Norðurlöndum í því skyni að koma á aukinni samhæfingu og sameiginlegu verklagi til frambúðar.

Í rökstuðningi með tillögunni segir að reglur Evrópusambandsins um ríkisstyrki hafi smám saman öðlast aukið vægi og víðtækara gildissvið. Er vísað til rannsóknar stjórnvalda í Noregi um að innleiðing reglnanna hafi með tímanum orðið yfirgripsmeiri og náð til sviða sem almennt eru hluti opinbera geirans á Norðurlöndum eða varða skatta- og velferðarmál. Fyrirætlunin með endurskoðun á reglunum er samkvæmt tillögunni tvíþætt:

- Að beina kastljósi að því svigrúmi til athafna sem reglurnar veita og reyna þannig að koma í veg fyrir að þær leiði til inngripa í skipan mála hjá sveitarfélögum og hinu opinbera að öðru leyti og vinni þar með gegn markmiðum sínum.
- Að koma í veg fyrir smámunaleg afskipti sem grafa undan EES-samningnum.

Í tillögunni er yfirlit um álitæfni sem talið er rétt og skynsamlegt að endurskoðunin taki til:

1. Lýsa málum sem hafa verið höfðuð á hendur stjórnvöldum annaðhvort af hálfu eftirlitsstofnana (ESB/ESA) eða fyrir dómstólum á Norðurlöndum vegna reglna um ríkisstyrki (hugsanlega einnig kvörtunum/erindum ESB/ESA án þess að til málshöfðunar hafi komið).



2. Lýsa hvernig stjórnvöld hafa uppfyllt kvaðir og lagað sig að öðru sem leiðir af reglunum.
3. Lýsa hvernig ráðuneyti, þjóðþing og jafnvel dómstólar leitast við að koma í veg fyrir ágreiningsmál.
4. Lýsa hvernig stjórnvöld í löndunum upplýsa og fræða fyrirtæki og stofnanir í opinberum rekstri og stjórnámálamenn í skilningi og beitingu á reglunum á uppbyggilegan hátt. Skýra verður svigrúmið til athafna.
5. Lýsa rannsóknar- og greiningarstarfi á Norðurlöndum vegna áhrifa ESB/EES og hugsanlega annarra alþjóðareglna um ríkisstyrki.

Tillagan var kynnt í hagvaxtar- og þróunarnefndinni vorið 2020. Nefndin taldi sig þurfa frekari upplýsingar um raunverulegar aðstæður og ákvað að leggja fyrirspurnir fyrir ríkisstjórnir norrænu landanna. Með fyrirspurnunum var stefnt að því að fá upplýsingar um fjölda þeirra mála sem höfðuð hafa verið á hendur norrænu löndunum annaðhvort af hálfu eftirlitsstofnana ESB/ESA eða fyrir dómstólum í löndunum vegna reglna um ríkisstyrki á tímabilinu 2000 til 2020. Enn fremur var óskað eftir upplýsingum hjá ríkisstjórnnum ríkjanna um hvort og þá með hvaða hætti ofangreind mál hafi haft áhrif á innleiðingu reglna um ríkisstyrki í löndunum.

Finnland hefur sem formennskuland Norrænu ráðherranefndarinnar aflað svara hjá ríkisstjórnnum norrænu landanna. Í svari þeirra er vísað til 1. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins): „Ef ekki er kveðið á um annað í sáttmálunum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg innri markaðnum að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.“ Löndunum er skylt að tilkynna framkvæmdastjórninni um áform sín um styrki og ber að bíða samþykkis hennar. Í framkvæmd eru þó margar undantekningar frá þessari reglu og þar til fyrir skömmu voru um það bil 97 prósent allra ríkisstyrkja veitt án samþykkis framkvæmdastjórnarinnar. Samkvæmt svari Finnlands til Norðurlandaráðs er það hlutverk dómstóla að annast eftirlitshlutverkið til viðbótar við framkvæmdastjórnina.

Með svarinu frá Finnlandi fylgir yfirlit yfir umrædd mál varðandi ríkisstyrki í sérhverju norrænu landi. Yfirlitið sýnir að framkvæmdastjórn ESB hefur oftast en hundrað sinnum rannsakað tillögur um ríkisstyrki á Norðurlöndum og tuttugu mál hafa endað hjá ESB/EES-dómstólum. Mál í löndunum eru ekki tæmandi talin en eru þó rúmlega 130 undanfarin 20 ár. Yfirlitið staðfestir að innleiðing reglna um ríkisstyrki er flókin í framkvæmd.

Ekki liggur fyrir kostnaðarmat um endurskoðunina. Væntanlega liggur tillagan innan ábyrgðarsviðs fjármála- og efnahagsráðherranna (MR-Finans). Ráðherranefndin MR-Finans hefur til ráðstöfunar 1,5 milljónir danskra króna á árinu 2021 og þannig takmarkaða möguleika á að ráðast í umfangsmiklar úttektir á grundvelli almennra



fjárveitinga sinna. Af þeim sökum kann að verða nauðsynlegt að finna aðrar leiðir til að fjármagna endurskoðunina þegar fjárhagsáætlun ársins er samín.

### Sjónarmið nefndarinnar

Hagvaxtar- og þróunarnefndin telur að fyrir liggi að öll norrænu ríkin þurfi að hlíta reglum ESB um ríkisstyrki, að innleiðing þeirra sé hvergi vandalaus á Norðurlöndum og að hún leiði til togstreitu sem fylgir bæði fyrirhöfn og kostnaður.

Nefndin leggur áherslu á þýðingu reglna um ríkisstyrki fyrir virkan innri markað í Evrópu. Ríkisstyrkir geti skekkt samkeppni og grafið undan samfélagslegum hagnaði af frjálsri verslun milli Evrópulanda.

Nefndin veitir því athygli að öll norrænu löndin standa í deilum og málarekstri af þeim sökum að innleiðing á reglum um ríkisstyrki þykir ekki vera í samræmi við lög. Framangreint bendir til að innleiðing reglnanna hafi flækst fyrir opinberum stofnunum og stjórnvöldum og að Norðurlönd geti sameiginlega lært af margvíslegri reynslu einstakra norrænna landa um takmörk og tækifæri innan ramma reglnanna.

Nefndinni þykir fjöldi mála vegna ríkisstyrkja vera mikill eins og honum er lýst í svari ríkistjórnanna. Það bendi til að Norðurlönd standi andspænis óleystri þraut, nefnilega þeirri að finna leiðir til að fyrirbyggja ágreiningsmál um ríkisstyrki eða jafnvel að komast hjá þeim með öllu.

Nefndin tekur fram að miðlun upplýsinga og þekkingar er mikilvægur þáttur norræns samstarfs. Norrænu ríkin hafa fram að þessu haft margs konar og mismunandi reynslu af innleiðingu reglna ESB um ríkisstyrki. Samanlagt búa þau yfir reynslu og þekkingu sem unnt væri að gera aðgengilega og gagnlega með þeirri könnun sem Norræna ráðherranefndin leggur til að fari fram.

Í þessu ljósi styður nefndin tillöguna um að Norræna ráðherranefndin ráðist í endurskoðun á veitingu ríkisstyrkja á Norðurlöndum í því skyni að koma á aukinni samhæfingu og sameiginlegu verklagi til frambúðar en einnig til að komast hjá óþarfa togstreitu með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði.

Norðurlöndum, 28. júní 2021

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Arman Teimouri (L)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Helge André Njåstad (FrP)*

*Johan Kvarnström (sd)*

*Lars Andersson (SD)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Lulu Ranne (saf)*

*Nils Aage Jegstad (H)*

*Orla Hav (S)*

*Pyry Niemi (S)*

*Pål Jonson (M)*

*Ruth Mari Grung (A)*

*Stein Erik Lauvås (A)*